



Icelandic Museum
of Natural History

Brynjólfsgata 5
IS-107 Reykjavík

S/Tel. 577 1800

nmsi@nmsi.is
www.nmsi.is

Fjárlaganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík 25.05.2016

Varðar: Fjármálaáætlun 2017–2021 og staða Náttúruminjasafns Íslands, höfuðsafns þjóðarinnar í náttúrufræðum, sbr. þingskjöl nr. 1212 og 1213.

Undirritaður vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og ábendingum um stöðu mála hjá Náttúruminjasafni Íslands í ljósi tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2017–2021 sem lögð var fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016. Er beðist velvirðingar á því að umsögnin berst eftir að umsagnarfresti lauk en þess jafnframt vænst að fjárlaganefnd taki hana til umfjöllunar.

Umrædd þingsályktunartillaga felur í sér fjármálastefnu með almennum markmiðum um þróun opinberra fjármála og er ætlað að ná sem viðtækastri sátt í samfélaginu. Mikill efnahagslegur uppgangur gerir það kleift að ráðast á ný í fjármögnun aðkallandi framkvæmda, sem var frestað vegna efnahagshrunsins, en jafnframt er mikilvægt að ríkisfjármálaáætlunin stuðli að stöðugleika og sé í takt við gang hagsveiflunnar og aðgerðir Seðlabanka Íslands í peningamálum.

Í fjármálaáætlunin er að finna útfærslu á markmiðum fjármálastefnunnar um tekjur, gjöld og efnahag opinberra aðila, skipað niður eftir málefnasviðum á hendi ráðuneyta. Málefni Náttúruminjasafns Íslands heyra að stofni til málefnasviðs 18: Menning og listir (bls. 164–167) sem er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis og forsætisráðuneytis. Jafnframt skarast málefni Náttúruminjasafnsins töluvert við málefnasvið 17: Umhverfismál (bls. 157–164), sem tilheyrir umhverfis- og auðlindaráðneyti og forsætisráðuneyti, sem og við málefnasvið 14: Ferðaþjónusta (bls. 147–150) sem tilheyrir atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytinu.

Náttúruminjasafn Íslands, sem er eitt þriggja höfuðsafna þjóðarinnar auk Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands, hefur frá stofnun safnsins árið 2007 átt verulega undir högg að sækja hjá fjárveitingavaldinu. Safninu er skv. lögum ætlað að gegna lykilhlutverki við miðlun þekkingar og fróðleiks um náttúru Íslands en hefur þó enga eigin aðstöðu til sýningahalds og mjög takmarkaðar fjárveitingar til rekstrar.

Það vekur athygli og veldur vonbrigðum að hvergi í umræddri fjármálaáætlun skuli vera vikið að stöðu Náttúruminjasafnsins, hvorki m.t.t. fjármögnunar á sýningaraðstöðu eða til almenns rekstrar.

Þetta vekur mikla furðu í ljósi þeirrar áherslu sem annars er lögð í fjármálaáætluninni á mikilvægi náttúru Íslands sem forsendu fyrir framleiðni- og hagvaxtaraukningu í samfélaginu, jafnt hvað varðar menntun þjóðarinnar (sbr. bls. 114, 116–117, 146, 152), verndun náttúru


(t.d. bls. 164 og 166–167) og atvinnuvegi landsmanna, og einkum þó það sem snýr að uppbyggingu innviða ferðaþjónustunnar (t.d. bls. 149).

Enn einn ganginn lítur út fyrir að ríkisvaldið ætli að heykjast á þeirri skyldu sinni að koma fótunum undir þá stofnun sína sem lögum samkvæmt er ætlað miðlægt lykilhlutverk við upplýsingu og menntun um aðskiljanlegar náttúrur Íslands – náttúrusögu, náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda. Það er ekki einasta að beðið hafi verið í tíu ár, frá formlegri stofnun safnsins, eftir því að Náttúruminjasafnið njóti þess stuðnings frá Alþingi sem höfuðsafnið á skilið og þarf nauðsynlega á að halda til standa undir nafni, heldur er biðin orðin hartnær 130 ár, eða síðan 1889 þegar forveri safnsins, Hið íslenska náttúrufræðifélag, var stofnað. Eitt helsta-markmið félagsins frá upphafi hefur verið „*að koma upp sem fullkomnustu náttúrugripasafni á Íslandi, sem sé eign landsins og geymt í Reykjavík*“ eins og segir samþykkt frá 16. júní 1889. Þetta markmið er enn í fullu gildi því ennþá hefur þjóðin ekki eignast viðunandi aðstöðu til sýningahalds um náttúru Íslands sem sæmir höfuðsafni á sviði náttúrufræða. Samkvæmt fjármálaáætluninni virðist stefnt að því að halda því ástandi óbreyttu í a.m.k. fimm ár til viðbótar.

Fjárheimildir Náttúruminjasafnsins hafa frá upphafi starfseminnar verið mjög naumt skornar og nær óbreyttar að krónutölu öll starfsárin, um 25 milljónir kr. á ári á verðlagi hvers árs á árabílinu 2008–2016. Þetta hefur hamlað starfsemi Náttúruminjasafnsins verulega. Á starfstímabilinu hafa viðmiðunarvísitölur hækkað um 55–70%. Svo naumar fjárheimildir eru ekki í neinu samræmi við áætlun fjármálaráðuneytisins sem lögð var fram á fyrsta starfsári safnsins en þá var mannaúþspörf stofnunarinnar metin að lágmarki 4–6 starfsmenn og rekstrar-kostnaður 30–50 m.kr., sem gerir 47–85 m.kr. á núvirði ef aðeins er miðað við vísitölu-hækkanir. Við safnið eru nú aðeins 1,3 stöðugildi, forstöðumaður og ritstjóri, og fjárhagslegt bolmagn rétt nægir fyrir launum starfsmannanna tveggja, húsaleigu, þrífum og öðrum nauðþurftum.

Nú er lag aldrei sem fyrr að gera vel við Náttúruminjasafn Íslands – þjóðin er upplýstari um undur, eðli og mikilvægi náttúrunnar og ríkið æmi landsmanna líklega aldrei meira og með því mesta sem þekkist á Jörðu. Það er óskandi að þessi ríkisstjórn grípi tækifærið og komi Náttúruminjasafninu á legg, þannig að komandi kynslóðum auðnist að njóta fjöreggs landsins – auðlinda náttúrunnar – og læri að umgangast náttúruna um aldur og ævi sér til hamingju og hagsældar.

Virðingarfyllst,



Dr. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður.